

REGLUGERÐ UM MEISTARAMÓT ÍSLANDS / ÍSLANDSMÓT Í GLÍMU 16 ÁRA OG YNGRI

1. grein

1.1 Meistaramót Íslands / Íslandsmót í glímu 16 ára og yngri er glímumót sem Glímusamband Íslands gengst árlega fyrir.

2. grein

2.1 Rétt til þátttöku eiga glímumenn í félögum innan vébanda GLÍ.

3. grein

- 3.1 Mótið er flokkaglíma þar sem keppt er í aldursflokkum þ.e. hvert fæðingarár fyrir sig frá 11-16 ára aldurs (10-15 ára aldurs ef mótið er haldið að hausti). Einnig er keppt í þyngdarflokkum innan hvers aldursflokks ef keppendur eru nógu margir.
- 3.2 Miða skal þyngdarflokkaskiptingu við eftirfarandi: 8- 14 keppendur Stærri og minni. 15-21 keppendur Stórir/ar, millivigt, og léttir/ar.
- 3.3 Ef ekki er hægt að skipta jafnt í riðla skal vera fjölmennast í þyngsta flokk og svo koll af kolli.

4. grein

4.1 Í hverjum flokki er glímd hópglíma.

5. grein

- 5.1 Sigurvegari í hverjum flokki hlýtur Íslandsmeistaratitil.
- 5.2 Þrír efstu menn í hverjum flokki hljóta verðlaun til eignar.
- 5.3 Gefin eru stig eftir árangri, 1.sæti gefur 6 stig, annað sætið 5 stig o.s.frv. Allir keppendur í 6.sæti og neðar fá eitt stig.
- 5.4 Stigahæsti sambandsaðili GLÍ samantlagt fær svo farandgrip sem vinnst til eignar eftir sigur fimm skipti í röð eða tíu sinnum alls og nafnbótina Íslandsmeistari félagsliða.

6.grein

6.1 Auglýsa skal mótið með ekki minna en tveggja mánaða fyrirvara.

7. grein

7.1 Þáttökutilkynningar skulu berast GLÍ, með þeim hætti sem auglýst er í mótaskrá hverju sinni. Þó er heimilt að skrá keppendur 16 ára og yngri samdægurs ef mótið er haldið sömu helgi og Grunnskólamót GLÍ.

8. grein

8.1 Stjórn GLÍ staðfestir tilnefningu dómara.